

Forfatter: Magnússon, Arní

Titel: BREV TIL: Þorleifsson, Björn FRA: Magnússon, Arní (1707-12-27)

Citation: Magnússon, Arní : "BREV TIL: Þorleifsson, Björn FRA: Magnússon, Arní (1707-12-27)", i *Arne Magnussons private brevveksling*, Gyldendalske Boghandel Nordisk, s. 599.
Onlineudgave fra Danmarks Breve: <https://tekster.kb.dk/text/letters-001991699-000-shoot-L0019916990000655.pdf> (tilgået 27. juli 2024)

Anvendt udgave: Arne Magnussons private brevveksling

Ophavsret: Materialet er fri af ophavsret. Du kan kopiere, ændre, distribuere eller fremføre værket, også til kommercielle formål, uden at bede om tilladelse. Husk dog altid at kreditere ophavsmanden.

[Læs Public Domain-erklæringen](#)

ARNE MAGNUSSON TIL [BISKOP BJÖRN ÞORLEIFSSON]. Skalhollte 27. dec. 1707.

Trykt efter egh. orig. i AM. 451, folio. dat. »3dia dag Jola«. Opregner forskellige af koppe-epidemiens ofre. Beder en gammel kopibog m. v. eftersøgt, lover aflevering af lån og tilbyder udlån. En anonym coadjutor.-supplikats berøres.

Vel Edla Vel Ehruverduga Hr. Biskup Elsku verde broder.

Fyrst hier á mille fellur so beyn ferd, má eg eigi annat enn besækia Monfrere med þessum línum. Skal þeirra upphaf vera, ad óska Monfrere þess, ad þesse yferstandande Jol hafe vered hönum og öllum hans gledeleg, og ad þesse Sedill meige hitta Hann heilann á hofe og i æskelegu velstande. Fyrer allar velgiörder fyrr og síd audsyndar þacka eg aludlega, og finnst giarnann til þienustu hvar tilnæ. Frietter allar hlyt eg undan ad fella, hefi skiled á Eyolf Einarsson ad bera þær munnlega framm, fyrst so fliotlega reiser (þad er ad seigia fyrr enn eg hugde því annars hefur hann dvald hier nockra daga) ad ei stunder fæ þær ad innfæra. Þær sierlegustu eru og ei annat enn bolusott og daude allstadar ad. Fyrer vestan eru dauder, Sr. Olafur Jonsson i Grunnavig. Sr. Pall Þordarson á Eyri i Skutilsfirde. Hakon Gudbrandzson (um Jon brodur hans mun firir laungu friett, ad hann dó i Borgarfirdi). Þorlakur Gudbrandzson, nuper Systlumadur, og hans kona, Dætur 2. eda 3. Sæmundar Magnussonar á Holi i Bolungarvik, Konar Sr. Halldors i Selárdal og dotter. Dotter Arna i Billdudal, su sem kom til olucku med þeim gipta manne, Einar Palsson á Rauda sande, og Charitas Þorsteinsdotter fra Skarde. Einar Einarsson Systlumadur qvondam s. 600og hans syster Jardþrudur. þetta mun Monfrere ad miklum partetil forna kunnigt, sem og þad sem nær er skied, hvar firir þar um ei fiolyrde. Ecki var bolann komin austur yfir Lons heide þad sidarsta tilspurdest, Enn i Hornafirde var hun. Og firir hiedan Skeidará hefur hun æred miked ad giört. Ad Nordan var hun og ecki komin i Vopnafiörd, so friettst hefdi. Eg vil eigi tala hier um fleira, bædi vegna timaskorts og hins, ad ei verde Melancholiskur þá til huxa þess tilstands sem hier af mune verda epterkomande, Dominus providebit, hann kann best, og kann alleina. Hallgrimur Jonsson fra Berufirde hliop undann bolunne og siglde i haust i Diupavogi. Kannske Monfrere giete nærre erendunum, ef fleire hafa vered enn ad fordast boluna. Hier med læt eg friettum loked. Enn til þess ad alldrei fáe Monfrere so bref fra mier, ad ei sie eitthvad þar inne um gömul monument, þá legg eg hier innani 1. Copie af brefi þorsteins lögmanns, Um Feriu á Jökulsá, 2. Extract ur brefi Sal. Sr. Skula Þollakssonar til min. Ahrærandi Þorsteins lögmanns bref þá hefi eg þad feinged af einum sem ödlast þad hia Sal. Sr. Skula, og sagde þad vera skrifad epter brefabok lians, mier skildest: bok sem hann hefdi i skrifad Copier af þvilikum gömlum documentum. Nu er su min inneleg bon til Monfrere, ad hann villde láta inqvirerast epter þessarri bok, ef nockur vered hefur, og utvega mier hana til láns, því þar mundi óefad eitthvad fleira gott inne finnast, Er og i þessarre Copiu eitt og annat, hvar um eg efast, og kjerne þá su Copian er Sr. Skule Sal. skrifad hefur, ad taka þá dubitation burtu. Bokin skal iafngod apturskilast. I ödru lage þykest eg síá, af því Extracto ur Sendibrefenu, ad Originalenn af þessu Þorsteins lögmanns brefi, muni á Greniadarstad liggia (ad vísu á hann ad liggia þar epter sialfu brefinu). Þad være velgiörd mot mier, ef Monfrere villde lata Sollicitè ransaka, bædi á Greniadarstad og annarstadar, þar hellst von á være, epter þessum original, sem varla kann tapadur ad vera, (Være og ei gott ad tapadur være). So eg hann til síonar fá kynni. likast være, ad med þad sama munde uppdagast fleiri Greniadarstadar skiöl, um hver fyrnefnt sendibrefs extract getur, Villde Monfrere vera so godur, ad senda slikt allt velforvarad (ef nockud finnst) til lögmannsens Pals Jonssonar, i vor, adur heiman ferdast, þá være mier þad stor þægd, og skal þad þá allt á Alþinge apturskilast, því flest allt þarf eg ei nema sem snöggvast skoda: Komi þad og á Alþing, þá skal þad, ef mögulegt verdur, koma Nordur aptur i haust ed kiemur i ferd lögmannsens, iafnvel þott sidare partur af sumrenu sie optast vanur s. 601ad fá ockur nog ad giöra annat enn ad þeinkia uppa þvilikt. Monfrere, Uppdagest þetta Þorsteins lögmanns bref, eda önnur þvilik monument, hvert helldur vidvíkia kunna Greniadarstad, eda ödru, þá skal eg anskrifad þad firir obligation uppá mína sídu, og leitast vid einhveria þienustu ad syna i vidlíkann máta. Eg hefi tilforna nockur gömul bref fra Greniadarstad, sem til mín eru komin, nockurn part fra Sal. Sr. Skula sialfum, nockurn part i gegnum Halldors Sal. Einarssonar hendur, og nockurn part firir Monfreres tillatseme á næst lidnu vore. Af þeim hefi eg mikinn part i gegnum hlauped, og hefi ásett, ad skilia mig af med þau á Alþinge i sumar, og lata þau þadan komast til Monfrere, þá þore eg nu og loksens ad lofa til vissu restitution þeirrar Statutu bokar, sem fra Monfrere hefur um stund hia mier dvald. Være eitthvad i mínu vallde, af Sögum edur ödru þviliku, sem Monfrere hefde lyst til, þá krefst eg og beidest, ad hann diarflaga heimte þad af mier til láns, Enn þad verdur ad skie firir þing, því epter þad næ eg ei so til þess. Hier muni i vetur einhveriar ferder á mille verda og kann þad þá ad skie. Med þad sama þætti mier gaman ad frædst af Monfrere, hvadan ur garde hann hellst ætlar ad uprunnen sie Su Supplicatia um coadjutorem, á mot hverre er þad form, sem Monfrere var so godur ad senda mier i haust, þad være til ad þeckia folk, ef menn giæte götvad nockud upp þar um; því eg minnest ecki, ad þvilika diörfung nockurntima sied edur heyrt hafe. Hier skilst eg nu vid, Enn því Vil eg eigi gleymt hafa ad bidia Monfrere frammbera mína þienustusamlegustu qvediusendingu til Madame Prudar Þorsteinsdottur, med aludar þacklæte veittra velgiörda, Sömuleidis til Madame Elenar Þorlaksdottur. Gud vardveite Monfrere og alla hans i langvarande velstande og æskelegum heillakiörum, þess óskar af alhuga

Mins VelEhruverduga brodur þienustuskyllidugur þienare

Arne Magnusson.

Eg óska Monfrere og öllum hans gledilegs farsæls Nyss árs med allre velgeingne.

Magnússon, Arní , *Arne Magnussons private brevveksling*,

P. S. Madame Elenu þorlaksdottur þacka eg þienustusaml. fyrir bokarsendinguna i sumar med Halldore Sal. Einarssyne, Eg skal bokinne skilvislega apturskila, Og frammybd mína þienustu, ef nockud til dægrastyttingar communicera kynne.

Hvada madur var Absalon Beier, er eignadest hia Sal. Hr. þorlake eina Sturlunga Sögu? Nær var hann á Holum? (eg meina, qvo circiter anno Christi) Var hann med liensherranum, s. 602eda sialfs sins madur? Ur þessu öllu mun leysa kunna Madame Elen þorlaksdotter, Og er þá Monfrere vís til ad lána mier skrifarann til ad teikna upp svared. Valete diu multumqve!